

Mánudaginn 18. desbr. 1922.

Nr. 60/1922.

Rjettvísín

(Magnús Guðmundsson)

gegn

Ingvari Lárussyni

og

Einari Aðalsteini Bæringssyni

(P. Magnússon),

út af skjál- og víxlafélsum.

Dómur aukarjettar Reykjavíkur 3. nóv. 1922:
Ákærðu, Ingvar Lárusson og Einar Aðalsteinn Bæringsson, sæti betrunarhúsvinnu, hinn fyrnefndi í 15 mánuði en hinn síðarnefndi í eitt ár.

Svo greiði þeir og, annar fyrir báða og báðir fyrir annan, allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Refsingu ákærða Ingvars Lárussonar fyrir að rita heimildarlaust nafn Maríu Ásmundsdóttur undir brjefið til Sæmundar kaupmanns Halldórssonar, ber að ákveða eftir 270. gr. hinna almennu hegningarlaga, og fyrir félsum víxlanna eftir 271. gr. og að nokkru leyti 277. gr. sbr. 271. gr. laganna.

Að öðru leyti verður að fallast á ástæður aukarjettardómsins með þeirri athugasemd, að því er snertir refsingu ákærða Ingvars Lárussonar, að tillit verður að taka til gæsluvarðhalds hans og má þannig staðfesta dóminn.

Ákærði Ingvar Lárusson greiði varðhaldskostnað sinn. Allan áfrýjunarkostnað málsins greiði hinir ákærðu in solidum, þar með talin málflutningslaun

sækjanda og verjanda fyrir hæstarjetti, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Ákærði Ingvar Lárusson greiði varðhaldskostnað sinn. Allan áfrýjunarkostnað málsins greiði hann og ákærði Einar Aðalsteinn Bæringsson in solidum, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir hæstarjetti, málflutningsmannanna Magnúsar Guðmundssonar og Pjeturs Magnússonar, 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Það er löglega sannað í máli þessu, sem höfðað er af rjettvisinnar hálfu gegn sjómönnunum Ingvari Lárussyni og Einari Aðalsteini Bæringssyni, báðum til heimilis í Garðastræti 4 hjer í bæ, með eigin játningu ákærðu, sem kemur heim við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu, að þeir hafi gjört sig seka í athæfi því, sem nú skal greina:

I. Í nóvembermánuði f. á. átti ákærði Ingvar heima í Tjarnargötu 6 hjer í bæ. Ritaði hann þá 22. s. m. Sæmundi Halldórssyni, kaupmanni í Stykkishólmi, brjef í nafni Maríu Ásmundsdóttur frá Krossum í Staðarsveit, þess efnis, að hún bað Sæmund um að senda sjer 500 krónur út í reikning föður hennar, og kvaðst hafa heimild hans til þessa. Jafnframt var í brjefinu tekið fram, að adressa hennar væri í Tjarnargötu 6 hjer í bæ. Brjef þetta var ritað í algjörðu heimildarleysi Maríu, sem ákærði aðeins þekti að nafni. Þjóst hann við því, að Sæmundur mundu senda peningana til Tjarnargötu 6 og æt'aði þá að komast yfir þá og hagnýta sjer. Sæmundur sendi ekki peningana, en ritaði Maríu um þetta, og er ákærði í september síðastl. ritaði systur hennar brjef, athuguðu þær að rithöndin á því brjefi var

sú sama og á brjefinu til Sæmundar, og komst þannig upp hver skrifað hafði það brjef.

II. Í októbermánuði s. l. hefir ákærði Ingvar verið til heimilis í Garðastræti 4 hjer í bæ. 7. þess mánaðar kom þangað í fæði meðákærði Einar Aðalsteinn Bæringsson frá Ísafirði og höfðu þeir ekki kynst fyr. Ákærði Ingvar átti, er þetta skeði, peninga og útistandandi skuldir um 200 krónur, en ákærði Einar var með öllu fjelaus og var ákærða Ingvari kunnugt um það.

3 dögum eftir að ákærði Einar kom í Garðastræti 4, áttu þeir tal saman, Ingvar og hann, og stakk Ingvar þá upp á því að þeir öfludu sjer peninga í fjelagi á þann hátt, að falsa víxla og selja þá og skifta milli sín andvirðinu. Var Einar ófús til þessa í fyrstu, en sama kvöldið varð það að samkomulagi milli þeirra, að framkvæma verknadinn.

Fengu þeir sjer nú víxileyðublað og fengu mann til að útfylla það með 500 króna upphæð, en um gjalddaga hefur ekki orðið upplýst, og er víxill þessi glataður. Síðan ritaði ákærði Ingvar að ákærða Einari viðstöddum nafnið Pjetur Hoffmann á víxil þennan sem samþykkjanda, og nafnið Carl Proppè sem útgefanda. Rjæð ákærði Ingvar nöfnunum og hafði í huga Pjetur Hoffmann, sjómann á Ísafirði, og Carl Proppè, stórkaupmann hjer í bæ.

Fengu þeir síðan mann, er bjó í húsinu, til að fara með víxilinn niður í Íslandsbanka og reyna að selja hann, en biðu sjálfir fyrir utan á meðan.

Bankinn vildi ekki kaupa víxilinn og er hann nú glataður, svo sem fyr segir.

III. Þegar þetta mistókst, kom ákærðum saman um að búa til nýjan víxil. Var víxill sá að upphæð kr. 1200,00, útgefinn 20. október síðastl. og með gjalddaga 20. febrúar 1923. Sem útgefanda að víxli þessum ritaði ákærði Ingvar nafnið Carl Proppè og nafnið Guðmundur Magnússon, Laugaveg 52, sem samþykkjanda og ennfremur nafnið Geir Sigurðsson, Vesturgötn 26, sem ábekings. Á Laugavegi 52 er enginn maður til með nafninu Guðmundur Magnússon, og kveðst ákærði Ingvar við engan sjerstakan mann hafa átt með því nafni, en með hinum nöfnunum við Carl Proppè þann, sem fyr er nefndur og Geir Sigurðsson skipstjóra, Vesturgötu 26 A. Kveðst hann hafa vitað, hvernig þeir rituðu nöfn sín, og er nafn Geirs nokkuð svipað því, sem hann ritar það venjulega, en nafn Proppè mjög ólíkt því, sem hann

ritar venjulega nafn sitt. Ákærði Einar var viðstaddur, er ákærði Ingvar ritaði nöfn þessi á víxilinn, en Ingvar réð hvaða nöfn þeir notuðu. Með víxil þennan fóru þeir, eftir því sem frekast verður upplýst, til Péturs M. Bjarnarson, kaupmanns hjer í bæ, og ætludu að reyna að selja honum hann, en hittu hann ekki heima. Laugardaginn 21. október fóru þeir síðan með víxilinn til Sigurðar Berndsen kaupmanns, Bergstaðastræti 36, og buðu honum hann til kaups fyrir 800 krónur. Berndsen hefir verið fjarverandi, og því ekki hægt að leiða hann sem vitni í málinu, en eftir því sem upplýst er með samhljóða framburði ákærðu, tók Berndsen víxilinn til sín og bað þá að koma aftur um kvöldið. Um kvöldið, er þeir komu, kvaðst Berndsen ætla að eiga tal við Proppè áður en hann keypti víxilinn, og bað ákærðu að koma aftur næsta dag. Urðu þeir þá hræddir um að fölsunin kæmist upp og komu ekki aftur. Átti Berndsen síðan tal við Proppè, sem sagði honum að nafn sitt væri falsað, og afhenti Berndsen þá víxilinn á lögreglustöðina 26. f. m.

Ákærðu eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna, ákærði Ingvar fæddur 12. október 1889, og ákærði Einar Aðalsteinn 5. nóvember 1899, og hafa þeir ekki áður sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt brot.

Framantalin brot ákærða Ingvars heyra að áliti rjettarins undir 272. gr. og 271. gr. sbr. 55. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1969, og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið, með tilliti til 63. gr. sömu laga, hæfilega ákveðin 15 mánaða betrunarhússvinna. Framantalin brot ákærða Einars Aðalsteins heyra að áliti rjettarins undir 271. gr. sbr. 55. gr. hegningarlaga, og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið, með tilliti til 63. gr. sömu laga, hæfilega ákveðin betrunarhússvinna í eitt ár.

Svo greiði ákærðu og in solidum allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.